

6. fundur 3. september 2015.

Fimmtudaginn 3. september 2015 kom stjórn og varastjórn saman til fundar í fundarsal félaganna á 3. hæð suður og hófst hann kl. 18.

Dagskrá:

1. Lagt fram og yfirfarið 6 mánaða uppgjör. Samþykkt.

2. Íbúðakaup í Reykjavík.

Skoðaðar voru teikningar og verð af nýjum íbúðum og eins verð á eldri íbúðum í Mánatúni 3-5 og 7-17. Samþykkt að sendinefnd fari til Reykjavíkur og skoði íbúðir.

3. Hljóðdeyfilausnir.

Eiður hafði kynnt sér lausnir á bergmáli en kvartað hefur verið undan því bæði í Mánatúnsíbúðunum og Skógarseli. Samþykkt að skoða þetta líka í sömu ferð og getið er um í lið 2.

4. Sumarleiga/vetrarleiga.

Rætt var um gengi sumarleigunnar, en nokkrar kvartanir hafa borist vegna Kötluholts og var samþykkt að hætta að leigja það.

5. Þing AN 2. og 3. Október.

Félagið á 19 fulltrúa og 19 til vara.

6. Þing LÍV 16. og 17. Október.

Félagið á 6 fulltrúa og 6 til vara.

7. Söfnunarátak.

Beiðni frá Krabbameinsfélagi Akureyrar og nágrennis um styrk til kaupa á nýju ómtæki til skoðunar á brjóstameinum. Samþykkt að veita 150.000 styrk.

8. Önnur mál.

Beiðni frá Fab Lab í Eyjafirði um styrk vegna stofnunar félagsins. Hópurinn sem stendur að þessu eru fulltúar frá Verkmenntskólanum á Ak., Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Akureyrarstofu. Samþykkt 150.000 -.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Sign: Anna María Elíasdóttir, Anna Kristín Árnadóttir, Jón. G. Rögnvaldsson, Einar Hjartarson, Halldór Óli Kjartansson, Agnes Reykdal, Guðlaug María Óskarsdóttir, Eydís Bjarnadóttir  
Eiður Stefánsson. Kristín Þorgílsdóttir ritaði fundargerð.